



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Lokaskýrsla vegna sprotaverkefnisins

Lykilhæfni og námsmat

Fyrir tímabilið janúar 2013 til júní 2014

Verkefnisstjóri:

Sverrir Árnason íslenskukennari

UMS-92 2013–2014

Efnisyfirlit

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
Leiðir sem voru farnar til að ná markmiði	2
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	3
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins	3
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.	4
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.....	5
Niðurstöður verkefnisins	5

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Í þessari lokaskýrslu er gert grein fyrir framgangi verkefnis sem styrkt var af Sprotasjóði árið 2013 og 2014. Markmið þess var að búa til verkefni til að nota í íslenskukennslu á framhaldsskólastigi út frá völdum sviðum lykilhæfninnar og hanna og þróa námsmat verkefnanna út frá hæfniviðmiðum íslenskunnar eins og þau eru fram sett í aðalnámskrá 2011. Námsmat er einnig þróað út frá völdum þáttum þeirrar lykilhæfni sem unnið er með hverju sinni. Námsmat er í anda leiðsagnarmats og er með fjölbreyttum hætti, þ.e. endurgjöf í formi athugasemda og umsagna, endurgjöf í formi matskvarða sem gefa einnig möguleika á stuttum umsögnum auk sjálfsmats- og jafningjamats.

Í umsókninni til Sprotasjóðs kemur fram að markmiðið með verkefninu var að semja námsefni í tengslum við viðfangsefni í eftirfarandi áföngum: ÍSL3A05, ÍSL3B05 og ÍSL3C05. Í ÍSL3A05 er viðfangsefnið *Brennu–Njáls saga* og bókmenntir síðari alda, í ÍSL3B05 er fengist við bókmenntir á 20. öld, fram til um 1970 og í ÍSL3C05 er fjallað um bókmenntir undir lok 20. aldar og fram yfir aldamót.

Líkt og fram kemur í umsókn stóð til að verkefnin yrðu birt á heimasíðu Samtaka móðurmáls í verkefnabanka sem heitir Deila. Vegna þess hve sá verkefnabanki er óvirkur og lítið kynntur var horfið frá þeirri hugmynd. Þess í stað setti umsækjandi upp sína eigin heimasíðu og þar verður efnið allt gert aðgengilegt öllum sem áhuga hafa að nýta sér það í kennslu. Við upphaf næstu annar verða sent kynningarbréf til allra sviðstjóra íslenskudeilda framhaldsskóla landsins og verkefnin boðin íslenskukennurum til afnota í kennslu sinni. Hlekkurinn inn á síðuna er http://www.vlhyramalid.is/?page_id=19. Þar er hlekkur sem heitir Sprotaverkefni og undir þeim hlekk eru þrjár undirsíður. Á einni síðunni eru sjálf sprotaverkefnin, á annarri síðu eru glærur sem tengjast verkefnunum og á þeirri þriðju eru ýmis skjöl sem tengjast verkefnunum.

Leiðir sem voru farnar til að ná markmiði

Áður en ég hlaut styrkinn hafði ég verið að prófa mig áfram með að búa til verkefni út frá nokkrum sviðum lykilhæfninnar. Ég átti því nokkur verkefni úr tveimur áföngum sem ég hafði lagt fyrir nemendur og nýtti styrkinn til þess að þróa þau áfram. Í einu verkefnanna höfðu nemendur unnið með nokkur ljóð og eitt textabrot frá upphafi 20. aldar þar sem unnið var með lykilhæfnina *jafnrétti*. Þá hafði ég prófað mig áfram með að vinna með tvö svið lykilhæfninnar í vinnu með *Brennu–Njáls sögu*, annars vegar *Lýðræði og mannréttindi* og hins vegar *jafnrétti*. Þessi verkefni voru því sá grunnur sem ég byggði á þegar ég hóf vinnu við verkefnið. Þá hafði ég í uppbyggingu íslenskuáfanga við skólann lagt töluverða áherslu á sköpun í kennslu og nýtti ég mér þá reynslu sem ég hafði af því að þróa þau verkefni áfram ásamt því að búa til ný verkefni.

Í vinnu með efni úr bókmenntum síðari alda bjó ég til verkefni úr kennslubók Silju Aðalsteinsdóttur, *Bók af bók*. Þar var markmiðið að vinna sem mest út frá einu sviði lykilhæfninnar, þ.e. *skapandi hugsun og hagnýti þekkingar*. Þegar vinna við það verkefni fór af stað breyttust forsendur og lykilhæfnin *námshæfni* var sá útgangspunktur sem ég valdi að vinna út frá. Meginhugsunin að baki því var að höfða til ábyrgðartilfinningu nemenda og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Sköpun var áfram einn meginþráðurinn í verkefninu en auk þess að höfða til ábyrgðartilfinningu nemenda og sjálfstæðis í vinnubrögðum lagði ég mikla áherslu á læsi og gekk auk þess út frá völdum þáttum úr hæfniviðmiðum íslenskunnar, sbr. aðalnámskrá 2011. Verkefnið vatt upp á sig og endaði sem verkefnabanki sem spannaði allt helsta efnið úr bók Silju. Verkefnin í verkefnabankanum urðu 45

talsins auk þriggja heimildaritgerða sem nemendur geta valið á milli að vinna sem lokaverkefni í áfanganum.

Sama hugmynd lá að baki vinnu með Njálu. Í stað þess að búa til tók verkefni út frá ýmsum sviðum lykilhæfninnar valdi ég þá leið að búa til verkefnabanka sem spannar allt helsta efnið úr sögunni. Í því verkefni reynir einnig á námshæfni nemenda, nokkuð er um val og þá reynir á hæfni nemenda í að skipuleggja vinnu sína og taka ábyrgð á henni. Auk lykilhæfninnar *námshæfni* leikur *sköpun* stórt hlutverk í vinnu með efnið. En þar sem nokkuð er um val geta nemendur tekið aðeins hluta efnisins út frá sköpun, ef þeir kjósa það heldur, og glímt við það með öðrum fjölbreyttum verkefnum.

Í vinnu með jafnréttisverkefnið í ÍSL3B05 var haldið áfram að þróa verkefnið út frá því hvernig til hafði tekist með það í kennslu fram til þess. Þá var valin sú leið að bæta inn í verkefnið málfræðilegri nálgun og var lögð áhersla á að jafnréttishugtakið væri með einum og öðrum hætti nálægt í vinnu með það verkefni.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttur, sérfræðingur í kennsluháttum, veitti mér góða ráðgjöf um uppsetningu verkefnanna þriggja auk gagnlegra efnislegra ráðgjafa.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Upphaflega var áætlað að vinna með efni þriggja áfanga, ÍSL3A05, ÍSL3B05 og ÍSL3C05, miðað út frá þeirri upphæð sem sótt var um. Þar sem styrkur Sprotasjóðs var þriðjunglægi en sú upphæð var ekki unnið með efni úr ÍSL3C05. Þá var mun meiri vinna lögð í efni úr ÍSL3A05 en lagt var upp með. Viðfangsefni þess áfanga er *Brennu–Njáls saga* og bókmenntir síðari alda og var verkefnavinnan með báða þessa þætti í heild sinni stokkuð upp en í umsókninni var lagt upp með að búa til einstök verkefni sem hægt væri að nota í vinnu með báða efnisþættina. Niðurstaðan varð tveir stórir verkefnabankar. Í vinnu með *Brennu–Njáls sögu* var búinn til verkefnapakki úr allri sögunni þar sem unnið var með flest svið lykilhæfninnar. Sama var upp á teningnum í vinnu með bókmenntir síðari alda, þar var búinn til einn stór verkefnapakki sem fyrst og fremst gerði út á lykilhæfnina *námshæfni* en þar var einnig mikil áhersla lögð á *læsi* og *sköpun*.

Í ÍSL3B05 var fyrst og fremst unnið með lykilhæfnina *jafnrétti* en til stóð að vinna með fleiri svið lykilhæfninnar í þeim áfanga. Þar sem vinnan með ÍSL3A05 var viðameiri og tímafrekari vannst ekki tími til að vinna með efni áfangans eins og til stóð. Þó var í þeim áfanga bætt við verkefni sem ekki var getið í umsókn en það metnaðarfullt og vel unnið verkefni sem hefur málfræðilega nálgun og var unnið af Gyðu Erlingsdóttur, BA í íslensku og M.Ed. í menntun framhaldsskólakennara og Hjördísi Öldu Hreiðarsdóttur, MA í íslenskukennslu.

Helstu hindranir sem komu upp við ,vinnu verkefnisins

Vinnan við þetta verkefni gekk mjög vel þótt hún væri umfangsmikil og ekki er hægt að segja að einhverjar hindranir sem slíkar hafi komið upp. Þar sem þetta er þróunarvinna fór töluverður tími í að átta sig á hvernig nálgunin við námsefnið ætti að vera, hvernig tengja ætti lykilhæfnina við það sem og að þróa námsmat hvers verkefnis fyrir sig og því var vinnan við verkefnið kannski örlítið ómarkviss og tímafrek um tíma.

Í vinnu með bókmenntir síðari alda stóð ég þó frammi fyrir ákveðnu vandamáli. Í þeim áfanga er fyrst og fremst unnið með lykilhæfnina *námshæfni*. Það þýðir að lagt er upp með að nemendur taki ábyrgð á verkefnavinnu og skipuleggi sig þannig að vinnuferlið gangi upp, innan þess ramma sem skipulag áfangans býður upp á. Í upphafi verkefnavinnunnar legg ég mikla áherslu á að nemendur axli ábyrgð á þessari vinnu, ef þeir mæta og gera ekkert í kennslustundum er það þeirra mál. Ég hef þó átt bágt með mig að skipta mér ekki af nemendum sem ítrekað koma og vinna lítið eða ekkert í tímum. Ég hef þó að mestu leyti haldið ró minni og ýtt á þá nemendur að nýta tímann vel en beri það ekki árangur læt ég þá eiga sig enda er tilgangurinn sá að nemendur læri að taka ábyrgð á vinnunni. Heimturnar hafa ekki verið eins og ég var að vonast eftir. Um helmingur hópsins nýtir sér mjög vel það val og þá ábyrgð sem fylgir verkefnavinnunni en hinn helmingurinn nýtir það misjafnlega. Þá er það misjafnt eftir hópum hvernig skilin eru, til dæmis voru skilin mun betri á haustönn 2013 en á vorönn 2014. Ekki er gott að átta sig á hvað veldur, annað en að samsetning nemendahópanna sé ólík. Það er að minnsta kosti eins og komið er höfuðverkur að ná betri skilum án þess að fara að setja strangari skilyrði gagnvart virkni og veru nemenda í tímum. Ef það er gert er ég um leið að taka þá ábyrgð af nemendum sem er andstætt hugsuninni með verkefninu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.

Helsti ávinningurinn af þessu verkefni er að sjá þá kosti sem felast í því að vinna með svið lykilhæfninnar. Í mjög mörgum tilvikum er námsefnið nýtt í mun víðari samhengi en ég hef áður unnið með það. Oft felst verkefnavinnan í því að byrja að glíma við efnið út frá ákveðnum þáttum þess sviðs lykilhæfninnar sem valið er að vinna með. Það fer eftir eðli hvers verkefnis fyrir sig en mjög oft er hægt að stíga út fyrir hinn bókmenntalega ramma og ræða gildi þeirrar lykilhæfni sem unnið er með hverju sinni. Það er einmitt hugsunin með grunnþáttunum, en lykilhæfnin er, samkvæmt aðalnámskrá 2011, „nemendamiðuð útfærsla á áherslum grunnþátta“ (bls. 32) og er tilgangurinn með grunnþáttunum að styrkja „getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi“ eins og Katrín Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra orðar það í formála að námskránni (bls. 5). Hún segir að það sé hlutverk skólans að þróa skólastarfið út frá grunnþáttunum og innleiða þannig nýja hugsun sem tryggja eigi uppvaxandi kynslóðum „tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfra gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum“ (bls. 5).

Á málstofu á Menntakviku haustið 2013 kynnti ég jafnréttisverkefnið og sýndi hvernig hægt var að nýta námsefnið til þess að fá nemendur til að ræða hugtakið jafnrétti í víðum skilningi. Viðbrögð nemenda í þeirri verkefnavinnu höfðu sýnt mér áþreifanlega mun meiri áhuga og virkni í tímum þegar þessi leið er farin en þegar eingöngu er unnið með efnið út frá þröngum bókmenntalegum skilningi. Viðbrögð málstofugesta á kynningunni voru einnig mjög jákvæð, einkum vegna þess að þeir áttuðu sig á því með hvaða hætti efnið var nýtt til þess að stíga út fyrir hinn bókmenntalega ramma og hugtakið rætt út frá mörgum sjónarhornum.

Þegar ég prófaði mig áfram með að nýta hugtökin *lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* í vinnu með efni úr *Brennu–Njáls sögu* sá ég mun meiri áhuga kvikna hjá nemendum á efni sögunnar en þegar þeir voru að glíma við efnislegar spurningar úr sögunni. Það kveikti hjá mér áhuga á að þróa umræðuverkefnin þannig að þau yrðu markvissari og verður áhugavert að sjá hvernig þau koma út á

næstu önn. Þá veitti styrkurinn mér svigrúm til að stokka upp í heild sinni vinnu með *Brennu–Njáls sögu*. Ég hef kennt Njálu fjórum sinnum og árangurinn hefur verið nokkuð misjafn. Heilt yfir hafa um 60–70% nemenda náð allt frá þokkalegum árangri allt upp í mjög góðan árangur. Árangur um 30–40% nemenda hefur verið óviðundandi, þ.e. undir lágmarkskröfum og því vildi ég breyta. Að umbreyta vinnu nemenda með söguna var ekki á dagskrá hjá mér þegar ég sótti um styrkinn en ég hlakka til að sjá hvort mér tekst að sjá nemendur fá meiri áhuga á sögunni og þá um leið að virkni á árangur verði betri en ég hef séð fram til þessa.

Vinnan við sprotaverkefni hefur gefið mér aukinn skilning á hlutverki og gildi grunnþáttanna í menntun framhaldsskólanema en eins og getið er hér að framan er lykilhæfnin skilgreind sem nemendamiðuð útfærsla á áherslum grunnþáttanna. Ég er langt kominn með fjórða verkefnið en þar er unnið með *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness. Þar er um að ræða tvö verkefni, annað er sýndarréttarhöld yfir Bjarti í Sumarhúsum og þar er einkum gengið út frá tveimur sviðum lykilhæfninnar, annars vegar *lýðræði og mannréttindum* og hins vegar *jafnrétti*. Hitt verkefnið er hópaverkefni þar sem nemendum er ætlað að tengja með einum eða öðrum hætti alla grunnþættina við söguna. Fyrra verkefnið hef ég lagt nokkrum sinnum fyrir nemendur og það hefur komið mjög vel út, seinna verkefnið lagði ég í fyrsta sinn fyrir nemendur í lok síðustu annar og kom það einnig vel út en þarf að þróa betur til þess að það verði markvissara.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Í starfspróunarviðtali síðastliðið vor kom fram áhugi frá skólastjórnendum á því að ég kynnti afrakstur verkefnisins fyrir samkennurum mínum. Fyrr um vorið hafði verið haldinn þróunarfundur meðal skólastjórnenda og kennara og þar voru kennarar skólans að skoða með hvaða hætti þeir væru að vinna með grunnþætti menntunar. Þar kom margt áhugavert fram og ljóst að kennarar eru langflestir að vinna með einum eða öðrum hætti með grunnþættina. Kynning á afrakstri þessa verkefnis ætti að gefa samkennurum mínum enn frekar byr í seglin við að þróa vinnu sína með grunnþættina áfram.

Þau markmið sem sett voru fram í umsókn náðust í meginatriðum þó ekki hafi verið unnið með tvö svið lykilhæfninnar, þ.e. *heilbrigði og velferð* og *menntun til sjálfbærni*. Unnið var með öll önnur svið lykilhæfninnar og það á margvíslegan hátt eins og verkefnið sýna. Þá var mikil vinna lögð í að þróa fjölbreytt námsmat út frá hæfniviðmiðunum og ég tel að þar hafi tekist vel til. Mest um vert er að vinna við verkefnið í heild sinni hefur kennt mér afskaplega mikið og er á við margra ára þróun við að nálgast hin ýmsu námsefni og kenna það við hefðbundnar aðstæður. Því held ég áfram að nálgast námsefnið með þessum hætti og mun t.d. ljúka við að ganga frá fjórða stóra verkefninu á komandi önn, en það er áður nefnt verkefni úr *Sjálfstæðu fólki*.

Niðurstöður verkefnisins

Markmiðið með verkefninu var að búa til verkefni þar sem unnið var með svið lykilhæfninnar og námsmat yrði þróað út frá hæfniviðmiðunum og þeim þáttum þess sviðs lykilhæfninnar sem unnið var með hverju sinni. Afraksturinn varð þrjú stór verkefni úr tveimur kjarnaáföngum íslenskunnar. Þau verkefni sem nemendur hafa unnið með hafa sýnt fram á gildi þeirra. Njáluverkefnið í heild hef ég ekki lagt fyrir, eingöngu umræðuverkefnið, og þau hafa vakið áhuga nemenda bæði á efni sögunnar sem og á gildi þess sviðs lykilhæfninnar sem unnið var með í hvoru tilviki fyrir sig. Verkefnið

um bókmenntir síðari alda hefur höfðað til ákveðins hluta nemenda, bæði hvað varðar það val sem verkefnið býður upp á sem og að geta skipulagt vinnu sína og tekið ábyrgð á henni. Það er þó mitt að fá stærri hluta nemendahópsins til þess að takast á við þá ábyrgð sem í verkefninu felst. Þá hefur jafnréttisverkefnið fengið mjög góð viðbrögð og hvatt mig til þess að halda áfram að þróa það sem og að nýta þær aðferðir og þær hugmyndir sem ég hef fengið við þessa vinnu við fleiri efnisþætti í íslenskuáföngum skólans.

Þau verkefni sem ég hef unnið munu án efa taka breytingum frá einni önn til þeirrar næstu. Þannig mun verkefnið í heild sinni halda áfram innan skólans og vonandi að þau verði öðrum íslenskukennurum í framhaldsskólum landsins einnig að gagni með einum eða öðrum hætti.

Mosfellsbæ 28. júní 2014

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla